




LÖGMANNABLAÐIÐ



ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS 4. TBL. 18. ÁRG. 2012



ORÐ, KRYDD
OG KÆRLEIKUR



TRYGGINGAR
LÖGMANNA



Af vettvangi félagsins

Árni Helgason: Leiðari	4
Jónas Þór Guðmundsson Pistill formanns	21

Umfjöllun

Katrín Helga Hallgrímsdóttir: Íslenskir lögmenn á fjölmennri IBA ráðstefnu	6
Eyrún Ingadóttir: Starfsábyrgðartryggingar lögmanna	10
Viðtal við Þóru Hallgrímsdóttur: Lögmenn verða að vera skipulagðir	12
Viðtal við Óðin Elísson: Illu tryggðir eru í tómu tjóni	14
Eyrún Ingadóttir: Sjúkra- og slysatryggingar lögmanna	15
Viðtal við Inga H. Sigurðsson: Aftur á byrjunarreit eftir 30 ár	16
Sigríður Kristinsdóttir: Félagsfundur um málskostnaðarákvarðanir	18
100 orð að loknum kosningum um stjórnarskrá	22
Laganefnd mótfallin frumvarpi um breytingu á innheimtulögum	30

Aðsent efni

Þyri Steingrimsdóttir: Miklar réttarbætur á sviði barnaréttar	26
Hrafn Bragason: Mat á hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara	28

Á léttum nótum

Kristín Þóra Harðardóttir: Orð, krydd og kærleikur	8
Af Merði lögmanni	24

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:
Árni Helgason hdl.

RITNEFND:
Haukur Örn Birgisson hrl.,
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl.,
Þyri Halla Steingrimsdóttir hrl. og
Ingvi Snær Einarsson hdl.

BLAÐAMADUR:
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:
Jónas Þór Guðmundsson hrl., formaður
Borgar Þór Einarsson hdl., varaformaður
Óskar Sigurðsson hrl., ritari
Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl., gjaldkeri
Guðrún Björg Birgisdóttir hrl.,
meðstjórnandi

STARFSMENN LMFÍ:
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari
Anna Lilja Hermannsdóttir, lögfræðingur

FORSÍÐUMYND:
Ingimar Ingason

Blaðið er sent öllum félagsmönnum

Ársaskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:
arni@cato.is

PRENTVINNSLA:
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.
Sími 533 4440
ISSN 1670-2689

Gleðileg jól, gott og farsælt komandi ár





Lögmenn láti sig varða örlög stjórnarskrárinnar

ÚRSLITIN Í RÁÐGEFANDI þjóðar- atkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá þann 20. október s.l. komu mörgum á óvart fyrir þær sakir hve afgerandi niðurstaðan var. Eðlilegast er að túlka niðurstöðuna á þá leið að í henni felist ósk um að gerðar verði breytingar á stjórnarskránni en varhugaverðara er sú túlkun, sem ýmsir settu fram strax eftir atkvæðagreiðsluna, að í niðurstöðunni fælist að samþykkja bæri tillögu stjórnlagaráðs óbreytta.

Þetta hefur komið skýrt fram við meðferð málsins á undanförunum vikum. Yfirferð lögfræðingahópsins sýndi að margt í tillögunni þarfnast nánari skýringa og lagfæringa. Formaður stjórnlagaráðs hefur einnig stigið fram og bent á mikilvægi þess að þingið taki sér góðan tíma og vandi til verka við afgreiðslu málsins og ummæli ýmissa þingmanna úr stjórnarmeirihlutanum benda til þess að áhugi sé á því sama. Það á því mikið vatn eftir að renna til sjávar áður en endanleg niðurstaða lítur dagsins ljós.

Í síðasta tölublaði Lögmannablaðsins var fjallað um fund Lögfræðingafélagsins um stjórnarskrána sem fram fór í september á þessu ári. Þar kom fram í máli Skúla Magnússonar, héraðsdómara, að þögn lögmanna um málefni stjórnarskrárinnar væri áþreifanleg. Taka má undir þetta og þótt sífellt fleiri úr stétt lögmanna hafi stigið fram og tjáð sig á undanförunum vikum, m.a. af hálfu Lögmannafélagsins, er ljóst að lögmenn geta gert mun meira í því að láta í ljós skoðun sína á málinu og taka þátt í opinberri umræðu. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar í október setti

málið á hreyfingu og á dagskrá en næstu mánuðir skipta miklu um hver hin endanlega niðurstaða sé og þar ríður á að lögmenn láti í sér heyra.

Málskostnaðarákvarðanir

Í fyrsta tölublaði Lögmannablaðsins á þessu ári var fjallað um málskostnaðarákvarðanir dómstóla og rætt við bæði lögmenn og dómara. Kom þar skýrt fram að þeir lögmenn, sem rætt var við, telja málskostnaðarákvarðanir dómstóla almennt ekki endurspeglu vinnu þeirra og rökstuðningur fyrir þeim oft lítill sem enginn. Í máli þeirra kom einnig fram að engin trygging væri fólgin í því að leggja fram tímaskýrslur eða aðra sundurliðun á vinnunni.

Á dögumum hélt Lögmannafélagið fund um þetta mál og er fjallað um hann hér í blaðinu. Á fundinum töluðu nokkrir lögmenn og í máli þeirra komu fram þessi sömu sjónarmið, þ.e. að dómstólar virðast ítrekað ákvarða málskostnað fyrir aðeins hluta þeirrar vinnu sem innt hefur verið af hendi.

Sérstaklega er þróunin alvarleg í opinberum málum þar sem dómstólaráð ákveður fastan taxta á tímagjald lögmanna, kr. 10.000,- á tímann. Sú upphæð var áður hærri, eða kr. 11.200,- en var lækkuð í ágúst 2009 og hefur ekki hækkað síðan. Í því felst að auki veruleg lækkun að raungildi en miðað við þróun launavísitölu í apríl 2012 hefði gjaldið átt að standa í kr. 14.900,-. Núverandi tímagjald er nálægt helmingi tímagjalds samkvæmt verðskrá hjá mörgum lögmönnum og í sumum tilfellum er hlutfallið enn lægra. Þegar þetta tvennt fer saman, annars vegar að

lögmenn fá ekki alla sína tíma greidda og hins vegar að tímagjaldið er ekki hærra en raun ber vitni, verður kaupíð á endanum ansi lágt. Ýmis dæmi eru um verjendur sem hafa lent í því þegar allt er talið saman að tímagjaldið, miðað við þá tíma sem taldir eru til á tímaskýrslu, sé komið niður í mun lægri tölur, þ.e. á bilinu fjögur til sex þúsund krónur. Af þeirri fjárhæð á viðkomandi eftir að greiða rekstur sinnar stofu og svo launatengd gjöld áður en hægt er að greiða út laun. Það er því lítið eftir til skiptanna í tilfellum sem þessum, þótt þessi vinna sé gríðarlega mikilvægur þáttur í okkar réttarríki.

Á fundi Lögmannafélagsins um þessi mál var nefnd sú hugmynd að unnt yrði að fá málskostnaðarákvarðanir endurskoðaðar með ítarlegri hætti en nú er gert, eða þá að lögum yrði breytt á þann veg að krafist yrði ítarlegri rökstuðnings ef ekki sé farið eftir tímaskýrslum. Slíkt er allrar athugunar virði.

Tryggingamál lögmanna

Í blaðinu núna er fjallað sérstaklega um tryggingamál lögmanna og m.a. rætt við lögmenn sem hafa sérþekkingu á þeim málum. Mikilvægt er að lögmenn hugi vel að þessum þáttum, sérstaklega fyrir þá fjölmörgu í stéttinni sem starfa sem einyrkjar eða í litlum einingum. Slík atriði vilja gleymast í amstri dagsins og mæta afgangi en þau er ekki hægt að laga eftir á og augljóst að miklu skiptir að þessu mál séu í lagi.



Hver @ hvaða netfang sagði hvað við hvern, hvenær?

Rpóstur er rekjanlegur og dulkóðaður tölvupóstur. Hægt er að votta afhendingu, innihald og sendingartíma póstsins. Á auðveldan hátt getur þú breytt skjölum úr ritvinnsluforritum í PDF-skjöl.



Nútímavæddu tölvupóstinn með Rpósti.

Hafðu samband í síma 580 1090 og fáðu tilboð.



Íslenskir lögmenn á fjölmennri IBA ráðstefnu

Í OKTÓBER Á hverju ári safnast mörg þúsund lögfræðingar saman á árlegri ráðstefnu International Bar Association, IBA. Í ár var ráðstefnan haldin í Dublin og það er óhætt að segja að borgin hafi verið undirlögd. Öll hótél voru yfirfull og leigubílstjórar borgarinnar voru allir í yfirvinnu við að koma lögfræðingum milli staða.

Ráðstefnan er skipulögð undir því yfirsíkinu að þar séu í boði hundruðir fyrirlestra og vinnuhópa, þar sem fræðast má um allt milli himins og jarðar (svo framfarlega sem orðið „law“ kemur einhvers staðar fyrir). Raunverulegur tilgangur ráðstefnunnar er að skiptast á nafnspjöldum og fá boð í flottasta partýið (fyrir stóru erlendu lögmennstofurnar snýst þetta um að halda flottasta partýið).

Ráðstefnan, sem stóð í 6 daga, hófst með ræðu Mary Robinson fyrrverandi forseta Írlands og erindi Joseph Stiglitz. Að setningarathöfninni lokinni tók gleðin öll völd og írsk tónlist með írskum dónsum réði ríkjum.

Fjölbreytt umfjöllunarefni fyrir fjölmennan hóp

Á ráðstefnunni var boðið upp á hátt í 200 fyrirlestra og vinnuhópa. Þar mátti

finna fjölda fyrirlestra um efni sem meira að segja íslensk skáld væru í vandræðum með að finna upp á, t.d.: Breaking up is hard to do: the private entrepreneur in their mid-life crisis; Athletic and catwalk criminals: an in-depth look at crime in the fashion and sports industries; Is water law a sexy career for young lawyers? Þar mátti einnig finna fyrirlestra um hefðbundnari umfjöllunarefni, svo sem: The role of arbitration in banking and finance; Taxing on mining activities og Competition issues in regional and bilateral trade agreements.

Á ráðstefnuna mæta lögmenn alls staðar að úr heiminum, þó Evrópubúar hafi verið í meirihluta í þetta skiptið, rúmlega 2600. Hlutfallslega koma þó langflestir frá Nígíeríu eða um 400, sem skýrist af því að þátttaka í ráðstefnunni er niðurgreidd þar í landi.

Tengslanetið styrkt

Eins og alltaf þar sem fólk frá öllum heiminum kemur saman eiga Norðurlandabúar það til að mynda hóp. Nánast allan tímann var íslenska sendinefndin upptekin við að hitta aðra norræna lögmenn, bæði á formlegum fundum þar sem „ástandið á Íslandi“ var tíðrætt og öllu óformlegri samkomum í boði



norrænna lögmennsstofa þar sem keppt var í pílukasti, Guinness uppáhellingum, Alexander Rybak tók lagið og ónefndur íslenskur lögmaður tefldi í fjöltefli við Magnus Carlsen, besta skákmeistara í heimi. Við notuðum einnig tækifærið og hittum lögfræðinga sem við höfum numið eða starfað með í gegnum tíðina og koma frá fjarlægari stöðum en Vestur-Evrópu, svo sem Ástralíu, Brasilíu, Chile og Indlandi.

Eftir 4 daga voru nafnspjöldin búin, allir komnir með nóg af því að svara spurningunni „so what's the situation in Iceland now“ með misjafnlega jákvæðum svörum, löngu orðnir leiðir á laxi og haggis sem boðið var upp á í hvert mál og tími kominn til að halda heim á leið.

Á næsta ári verður ráðstefnan haldin í Boston, vissulega nógu nálægt til að verðskulda heimsókn en allsendis óvíst að þar verði maturinn betri eða lögmennirnir skemmtilegri.

Katrín Helga Hallgrímsdóttir bdl.

REYKJAVÍK • LONDON

LOGOS

Lögmannabjónusta síðan 1907

FYRST OG FREMST

Við hjá LOGOS erum afar stolt af þeim fjölda viðurkenninga sem okkur hafa hlotnast frá erlendum matsfyrirtækjum á undanförunum misserum. Til dæmis útnefndi The Global Awards Guide LOGOS lögmannsstofu ársins á Íslandi (Iceland - Full Service Law Firm of the Year 2012). IFLR gaf okkur líka frábæra umsögn sem byggir á ummælum frá viðskiptavinum. Þar er m.a. bent á að LOGOS er stærsta lögmannsstofa landsins og sérstakri ánægju lýst með þekkingu og úrlausn mála á sviði banka- og fjármálastarfsemi. Í umsögninni segir einnig:

„Þau hafa gott lag á að leysa þau vandamál sem skjóta upp kollinum og eru eins framsækin og lögfræðingum er framast unnt“.

Við þökkum heiðurinn og stefnum að sjálfsögðu á að gera enn betur á komandi misserum!

Orð, krydd og kærleikur

eftir Kristínu Þóru Harðardóttur hdl.

Hvort sem þið því etið eða drekkið eða hvað sem þið gerið, þá gerið allt guði til dýrðar. (Úr 1.Korintubræfi)

HINIR MARGVÍSLEGU OG fjölbreyttu textar Biblíunnar eru innblástur í dagsins önn. Nálgunin við þá helgu bók sem við leikmenn þekkjum er svolítið upphafin og hátíðleg, framandi hversdagslífinu. En það þarf ekki að leita lengi í Biblíunni til að finna einmitt það hversdagslega.

Í bókum Biblíunnar má finna mörg og ólík sjónarhorn á lífið og tilveruna. Eitt sjónarhornið er matur og veislur, borðhald og samfélagið við borðið. Biblían er full af lýsingum á hversdagslegu lífi, margir textar fjalla um mat, veisluhöld og einnig fábrottnara og hversdagslegra borðhald.

Etið, drekkið og verið glöð - það er lífsspekin í borðhaldinu sem gott er að hafa í huga. Það er svo gefandi að setjast saman til borðs og borða saman, næra líkama og sál. Þau sem hafa gaman að elda og elda af ástríðu, þekjja tilfinninguna sem fylgir því að krydda matinn með kærleika og gleði. Þá verður uppskeran við matarborðið ríkuleg. Á gleðiríkan og gjöfulan hátt uppfyllir það einhverja frumþörf að gefa fólki mat og búa til samfélag við matarborð. Þá er maður bæði sá sem gefur og þiggur sem er besta hlutskiptið því það er hvorki nærandi né uppbyggilegt að vera bara

annaðhvort. Orð, krydd og kærleikur er nestið sem gestirnir taka með sér frá máltíðinni ef vel tekst til. Matur er meira en bara magafylli, matur er minning, tilfinning, kærleikur. Við munum eftir mömmumatnum sem við reynum svo að bera á borð fyrir okkar fjölskyldu. Útkoman getur svo orðið allt önnur þó uppskriftin sé sú sama, það er svo erfitt að búa til mælieiningu fyrir kærleikann og góðu tilfinningarnar sem sáldrað var yfir réttinn í ómældum dössum á meðan eldað var.

Máltíð er ekki bara matur

Í aðdraganda jóla er matarstúss og veislugleði meira áberandi en á öðrum tímum ársins. Á adventunni, þessum hlýja og alltumlykjandi myrkurtíma, reynum við að gefa okkur tíma til að setjast niður með góðum vinum og fjölskyldu og njóta kræsinga og samveru. Á jólnum sest svo fjölskyldan saman og borðar, borðhaldið er gjarnan í mjög föstum skordum og flest hafa á því einhverja skoðun hver er hinn fullkomni og eini sanni jólamatur. En hver svo sem matseðillinn er þá er samfélagið lykilatriði, nærveran við ástvini. Borðhaldið verður miðpunkturinn í hátíðahöldunum. Í fjölskyldum þar sem hversdagslega er ef til vill borðað á ýmsum tímum eftir önnum og áhugamálum hvers og eins, verður borðhaldið í sjálfu sér helgistund

sem ekki má trufla. Utanaðkomandi áreiti sem við leyfum að trufla okkur í hversdeginum eru víðs fjarri og við lifum í núinu. Máltíðin er ekki bara matur heldur fólkið sem við neytum hennar með, samfélagið hvort sem það er lítið eða stórt. Þó meira sé lagt í matargerðina til hátíðabrigða þá er jafn mikilvægt og endranær að njóta matargerðarinnar á afslappaðan hátt. Liljur vallarins og fuglar himinsins geta leiðrétt kúrsinn ef þarf:

Lítið til fugla himinsins. Hvorki sá þeir né uppskera né safna í hlöður og faðir yðar himneskur fæðir þá. Eruð þér ekki miklu fremri þeim? Og hver yðar getur með áhyggjum aukið einni spönn við aldur sinn? Og hví eruð þér áhyggjufull um klæðnað? Hyggið að liljum vallarins, hversu þær vaxa. Hvorki vinna þær né spinna. En ég segi yður: Jafnvel Salómon í allri sinni dýrð var ekki svo búinn sem ein þeirra. Fyrst Guð skryðir svo gras vallarins sem í dag stendur en á morgun verður í ofn kastað, skyldi hann þá ekki miklu fremur klæða yður, þér trúlítill! Hafið því ekki áhyggjur af morgundeginum. Morgundagurinn mun hafa sínar áhyggjur. Hverjum degi nægir sín þjáning. (Úr 6. kafla Mattheusarguðspjalls)



Samveran við þá sem standa okkur næst er okkur gleðigjafi á hátíð ljóssins. Fjölskyldur sameinast, fullorðnu og hálffullorðnu börnin safnast aftur saman í foreldrahúsum og verða aftur börn. Vonandi tekst okkur öllum að verða aftur börn um stund því jólin eru ekki bara hátíð barnanna heldur líka hátíð barnsins í okkur öllum. Þó skrafað sé um dansinn í kringum gullkálfinn, kaupæði og jólastress þá snúast minningarnar vonandi þegar upp er staðið um notalega nærveru, gömlu jólasíðina og ef til vill eftirréttinn sem alltaf er sá sami og ekki má breyta. Hvort það tókst að baka allar sortirnar eða hreinsa skápa skiptir víst minnstu enda eru þau þeirrar náttúru blessuð

jólin að koma bara hvað sem öllum undirbúningi líður. Svo má líka fagna stressinu og sjá húnurinn í sturluninni sem grípur svo marga þegar líður að komu Jesúbarnsins sem þegar allt kemur til alls er auðvitað bara eins og öll önnur kornabörn, þarf fátt af þeim hlutum sem mölur og ryð fá grandað en þeim mun meira af ást, umhyggju og nærveru. Jólastressinu má vissulega ofgera en það er líka hægt að njóta þess því að einmitt í miðjum þessum önnum getum við fundið jólaandann og samkenndina, því til þess að allt gangi upp þurfa allir í fjölskyldunni að leggja hönd á plóg og hjálpast að.

Að lokum sameinast allir í gleðinni því alltaf fer þetta nú einhvern vegin og

oftast vel. Blessuð jólin koma og láta sér að endingu fátt um finnast þó það hafi gleymst að kaupa möndlugjöfina og ekki hafi gefist tími til að strauja dúkinn á jólaborðið. Og einmitt þessi smáatriði sem gleymdust fara líka í safnið af góðu minningunum því að lokum snýst þetta um að búa til góðar minningar sem ylja um ókomin ár.

Kristín Þóra Harðardóttir er lögmaður hjá Samtökum Atvinnulífsins. Hún höfundur bókarinnar Orð, krydd og krásir ásamt séra Sigrúnu Óskarsdóttur og befur að geyma mataruppskriftir af slóðum Biblíunnar.

Fjöldmargir ánægðir lögfræðingar eru að nýta sér þjónustu okkar, með góðum árangri.
-í símann á meðan þú vinnur.




Þjónusta Símaversins er m.a.:

- Að annast símsvörun fyrir fyrirtæki.
- Fyrir einyrkja, millistór og stór fyrirtæki.
- Vönduð og traust.
- Í höndum óspilltra vestfirskra þökkagyðja.
- Önnur þjónusta sérsniðin að óskum viðskiptavina.

Símaverið ehf, Pollgötu 2 400 Ísafirði. Sími 450 5500, fax 450 5501
heimasíða www.simaverid.is, netfang simaverid@simaverid.is

Starfsábyrgðartryggingar lögmanna



Á SÍÐUSTU MISSERUM hefur færst í vöxt að tjón séu greidd úr starfsábyrgðartryggingu lögmanna. Tryggingafélögin fjögur, sem eru með 96% markaðshlutdeild, hafa greitt út talsvert meira árin 2011 og 2012 en fyrri ár og sem dæmi má nefna þá hefur eitt þessara félaga greitt út á árinu 2012 tvöfalt hærri fjárhæð en árið 2011. Þá fjölgaði kröfum hjá öðru tryggingafélagi úr sex til sjö, sem höfðu verið að meðaltali síðastliðinn áratug, í tólf kröfur árið 2011. Lögmannaþlaðið velti fyrir sér tölum um tjón og ástæðum þeirra.

Lágmarkstrygging um 34 milljónir

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998 er lögmönnum skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu

hjá váttryggingafélagi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum þeirra eða starfsmanna þeirra. Í reglugerð um starfsábyrgðartryggingar lögmanna nr. 200/1999 er kveðið á um lágmarksfjárhæð vegna hvers váttryggingatímabils. Sú fjárhæð er sem stendur að lágmarki kr. 34 milljónir en LMFÍ hefur eftirlit með að sjálfstætt starfandi lögmenn uppfylli þessa skyldu.

Tikkandi frestir eftir hrun

Öll váttryggingafélögin sem haft var samband við sögðu tjónatíðni hafa aukist síðustu ár. Sem dæmi má nefna fór hlutfall tjóna á móti iðgjöldum hjá einu af váttryggingafélögunum úr 33% árið 2010, í 78% fyrir árið 2011 og er nú komið í 229% fyrir yfirstandandi ár. Hjá öðru váttryggingafélagi höfðu 75% iðgjalda farið í að greiða tjón síðustu sex ár. Þá hafði eitt félaganna greitt á árinu 2012 tvöfalda þá fjárhæð sem greidd var út vegna tjóna árið 2011.

Að sögn Þórodds Sigfússonar, forstöðumanns atvinnurekstrar hjá TM, er tíðni tjóna í starfsábyrgðartryggingu lögmanna talsvert hærri en hjá öðrum sérfræðistéttum og meðalfjárhæð tjóna er einnig hærri. Aðspurður kvaðst hann telja að aukið álag hefði verið á lögmennastéttinni síðustu ár: „Það hefur verið mikið að gera hjá lögmönnum frá efnahagshruninu sem við teljum mögulega geta haft áhrif á gæði vinnubragða. Það er tilfinningin sem við höfum og einkennir þessa stétt umfram aðrar,“ sagði hann.


Ágúst Orri Sigurðsson, lögfræðingur á tjónasviði hjá Sjóvá, telur nokkrar ástæður liggja að baki aukinni tíðni

tjóna: „Eftir hrun hafa endalausir frestir verið tikkandi og maður veltir því fyrir sér hvort aukning á tjónatíðni mála endurspeglar í þessum fjölda krafna. Eins er aukin neytendavitund almennings um rétt til að sækja kröfur á hendur sérfræðingum, hvort sem um er að ræða lögmenn eða aðra sérfræðinga,“ sagði Ágúst.

Sigurður Óli Kolbeinsson, framkvæmdastjóri váttryggingasviðs Varðar, telur að tjónum muni halda áfram að fjölga á næstu misserum: „Það virðist vera aukin bótavæðing í samfélaginu ef svo má að orði komast. Lögmenn hafa t.d. auglýst grimmt á undanföllum árum rétt fólks til að sækja slysabætur, svo dæmi sé tekið, og það smitar út frá sér. Almennings er mun meðvitadri um rétt sinn og möguleika til að krefjast bóta. Til lengri tíma litið tel ég þó að tíðnin muni ekki aukast þar sem ég hef fulla trú á því að lögmenn muni gera það sem gera þarf til að koma í veg fyrir tjón hjá sér.“ Sigurður Óli segir erfitt að meta hvort fjölgun tjóna sé tímabundið vandamál: „Mögulega er ein ástæðan aukið álag í kjölfar hrunsins en ég held samt að það sé ekki aðalástæðan.“

84 lögmenn með 104 mál

Í erindi sínu á Lagadeginum 2012, í málstofu um skaðabótaábyrgð sérfræðinga, gerði Þóra Hallgrímsdóttir sérfræðingur við Lagadeild Háskólans í Reykjavík grein fyrir örrannsókn á tjónatíðni í starfsábyrgðartryggingu lögmanna frá árinu 1995 og fram í maí 2012 hjá áður nefndum fjórum váttryggingafélögum. Niðurstöður þeirrar rannsóknar voru þær að á árabílinu



1995-2011 voru alls 222 mál tilkynnt til váttryggingafélaganna. Þegar síðastliðin fimm ár eru skoðuð hafa alls 84 lögmenn komið við sögu í þeim 104 málum sem varða starfsábyrgðartryggingu lögmanna hjá umræddum félögum. Það gerir að meðaltali 17 lögmenn á ári. Þegar tölur eru skoðaðar fyrir einstaka váttryggingafélög kemur í ljós að hjá einu þeirra höfðu 40% þeirra tjóna sem orðið höfðu sl. 5 ár komið upp á árinu 2011.

Talsmenn váttryggingafélaganna, sem Lögmannaþingið ræddi við, telja líklegt að iðgjöld starfsábyrgðartrygginga eigi eftir að hækka á næstu misserum. Afslættir hafi verið of háir og félögin vanmetið áhættuna. Hjá einu félaganna hafa það sem af er árinu 2012 verið greiddar út 28% hærri bætur en sem nemur iðgjöldum og eins og forsvarsmaður þess félags sagði: „Þannig er ekki hægt að reka business.“

Útrunninn fyrninga- eða tilkynningafrestur algengustu mistökinn

Misjafnt er hvernig váttryggingafélögin flokka tjón þannig að hægt sé að gera marktækan samanburð. Hjá einu þeirra

voru 38% tjóna síðastliðin fimm ár komin til vegna mistaka í tengslum við fyrningarfrest krafna, 24% vegna mistaka lögmanna við fasteignasölu, 17% vegna mistaka við þrota- eða dánarbú og 7% vegna mistaka við samningagerð. Annað váttryggingafélag upplýsti að 40% bótafjárhæðar sem greidd hefði verið vegna starfsábyrgðartryggingar lögmanna væri komin til vegna mistaka við hagsmunagæslu, 33% vegna ráðgjafar lögmanna og 7% vegna lögbrota. Hjá þriðja félaginu voru 70-80% málanna vegna fyrningafrests.

Aukin váttryggingavernd nauðsynleg fyrir ráðgjöf á sviði viðskipta

Það fer vaxandi að lögmenn og lögmennsstofur kaupi váttryggingavernd umfram lágmarksfjárhæð þá sem tilgreind er í reglugerð nr. 200/1999 um starfsábyrgðartryggingu lögmanna, enda er oft verið að fást við mun meiri hagsmuni en sem nemur henni. Talsmenn váttryggingafélaganna voru þó flestir þeirrar skoðunar að lögmenn þyrftu að huga betur að þessum þætti.

Lögmenn, sem eru með erlenda


viðskiptavini, hafa þó margir keypt sér mun hærri starfsábyrgðartryggingu. Þannig er lögmennsstofan LOGOS með margfalt hærri starfsábyrgðartryggingu á Íslandi en lög gera ráð fyrir og greiðir fyrir hana umtalsverðar fjárhæðir í iðgjald á ári. Að sögn Gunnars Sturlusonar framkvæmdastjóra eru erlendir viðskiptavinir mjög meðvitaðir um mikilvægi starfsábyrgðartryggingarinnar og spyrjast gjarnan fyrir um fjárhæð hennar áður en þeir hefja viðskipti við stofuna. „Hagsmunirnir sem liggja undir eru þó oft mun meiri en sem nemur fjárhæð tryggingarinnar, svo við reynum að takmarka hana með samningum við hvern og einn viðskiptavin,“ segir Gunnar: „Þegar við keyptum starfsábyrgðartrygginguna var ljóst að lög bundið lágmark fyrir lögmenn var fjarri því að vera nægilega góð tryggingarvernd sökum þess hversu miklir hagsmunir eru iðulega í húfi í einstökum verkefnum. Á stofunni eru starfandi á bilinu 50-55 lögfræðingar, þar af rúmlega 40 í Reykjavík, þannig að samkvæmt reglum um starfsábyrgðartryggingar lögmanna þyrfti félagið að vera með hátt í 200 milljóna tryggingu hið minnsta, en sú vernd er fjarri því að vera fullnægjandi. Við ákvörðun um fjárhæð tryggingarinnar var horft til þess að stofan hefði mjög góða vernd og kostnaður af iðgjaldinu væri hæfilegur miðað við hagsmunina sem í húfi eru. Fjárhæð tryggingarinnar er síðan endurskoðuð árlega með hliðsjón af tilboðum sem fást í hana á markaðnum.“

Gunnar segir íslenska viðskiptavini almennt ekki hafa gengið eftir upplýsingum um váttryggingavernd stofunnar fyrirfram: „Við verðum engu að síður vör við að tryggingarverndin er meira í umræðunni nú en áður. Ég tel að lágmarksverndin sé engan vegin nægilega góð fyrir lögmenn sem stunda ráðgjöf á sviði viðskipta. Menn ættu að setja niður fyrir sér þörfina fyrir sinn rekstur og bæta í váttryggingarverndina.“

EL

Lögmenn verða að vera skipulagðir

Viðtal við Þóru Hallgrímsdóttur hdl.



Þóra Hallgrímsdóttir.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl. er sérfræðingur í váttryggingarétti við Lagadeild Háskólans í Reykjavík og hefur meðal annars skoðað starfsábyrgðartryggingar lögmanna.

Hvað veldur þessari auknu tíðni skaðabótakrafna í starfsábyrgðartryggingar lögmanna?

Ég held að það hljóti að hafa einhver áhrif á tíðni skaðabótakrafna að við lifum á tímum þar sem aðgengi að upplýsingum er mjög mikið. Það er auðveldara fyrir almenning að leita sér upplýsinga um mögulegan bótarétt sinn auk þess sem má færa rök fyrir því að gerðar séu æ meiri kröfur til sérfræðinga á borð við lögmenn í störfum þeirra. Því má segja að meginregla skaðabótaréttarins um að almennt beri maður tjón sitt sjálfur verði æ fjarlægari eftir því sem strangari reglur eru settar um ýmsa háttsemi sérfræðinga. Það má einnig merkja í fræðiskrifum og dómum umfjöllun um strangara sakarmat gagnvart sérfræðingum almennt. Þol almennings til að bera fjárhagslegt tjón hefur líka mögulega minnkað síðustu ár, svo ekki sé talað um andlegt þol sama almennings.

Veist þú hvort ungir lögmenn séu frekar að gera mistök heldur en eldri?

Ég veit ekki til þess að það megi merkja það á tjónatíðni vegna starfsábyrgðartrygginga lögmanna að það

séu frekar ungir lögmenn sem eru að gera mistök sem leiða til fjártjóns. Síður en svo.

Eru skjólstæðingar meira að láta reyna á rétt sinn?

Ég held að aukin vitund um réttindi hljóti að kalla á að skjólstæðingar lögmanna láti meira reyna á rétt sinn. Mögulega hefur þróunin líka verið sú í harðandi samkeppni milli lögmanna að þeir taki nú frekar að sér mál þar sem þarf að gera skaðabótakröfu á annan lögmenn. Eitthvað sem menn gerðu síður þegar stéttin var fámennari. Ég tek þó fram að ég hef þó ekki rannsakað þennan þátt sérstaklega!

Getur verið að lögmenn hafi verið undir of miklu álagi síðastliðin ár?

Það þarf engan sérfræðing til að segja að fjöldi mála sem tengjast ýmsum fjármálagerningum frá og með haustinu 2008 er gríðarlegur. Bæði hvað varðar fjárhagsmálefni einstaklinga, almennra fyrirtækja, fjármálafyrirtækja og í raun þjóðarbúsins alls. Það þýðir að meira er um flókin innheimtumál, gjaldþrotamál og mögulega skaðabótakröfur. Hvort

álagið er of mikið verða lögmenn sjálfir að svara. Væntanlega er það eitthvað misjafnt eftir lögmennsstofum.

Er fjöldi mála hjá tryggingafélögum kominn til vegna brunnsins?

Í athugunum mínum hefur ekki verið skýr tenging þarna á milli. Mögulega þó einhver mál sem tengjast því að kröfum hefur ekki verið lýst í þrotabú fjármálafyrirtækja innan lögbundins frests. Mögulega eiga fleiri mál eftir að koma sem tengjast þessum stóru gjaldþrotum með einhverjum hætti. Áhrif brunnsins virðast fyrst og fremst vera þau að lögmenn eru að sækja í auknum mæli í hærri váttryggingavernd en lágmarksfjárhæð reglugerðar um starfsábyrgðartryggingar gerir ráð fyrir.

Hver er ástæðan fyrir því að lögmenn eru að klicka á fyrningafrestum?

Einlægir stuðningsmenn feðraveldisins myndu mögulega segja að þeir lögmenn sem klicka á frestum hafi ekki ráðið nógu góðan ritara. Það má mögulega til sanns vegar færa að í einhverjum tilvikum treysti lögmenn á það að aðrir en þeir sjálfir gæti fresta. Það er þó

alveg ljóst að það stoðar lítið að benda á aðra þegar lögmaðurinn sjálfur stýrir eigin lögmannsstofu. Mér sýnist þó að þetta séu oftast mál þar sem einfaldlega hefur gleymst að huga sérstaklega að frestum. Eitthvað sem lögmenn eiga að vita að getur skipt miklu máli en einföld mistök verða til þess að frestur rennur út án aðgerða. Í öðrum tilvikum er yfirsýn lögmanns yfir þau mál sem hann er með í gangi ekki nægilega mikil eða viðkomandi er ekki nægilega skipulagður.

Til hvaða ráða er hægt að grípa til að breyta þessari þróun?

Í upplýsingatæknisamfélagi nútímans eru auðvitað margar leiðir til hjálpar við að halda utan um mál og hver staða þeirra er. Ég held að flestar lögmannsstofur hér á landi séu mjög meðvitaðar um mikilvægi þess að hafa upplýsingakerfi, einhvers konar málaskrár, þar sem upplýsingar um mál eru skráðar þannig að auðvelt sé að hafa yfirsýn yfir þau. Það þarf auðvitað samt að gæta þess að í kerfin fari upplýsingar og þá réttar og uppfærðar upplýsingar. Hvernig sem kerfið er eða hvort lögmenn eru að notfæra sér upplýsingatækni af nýjustu sort eða af eldri sort þá er alla vega ljóst að gott skipulag í rekstrinum hlýtur að kalla á vandaðri vinnubrögð. Þar sem mikill hluti tjónamála tengist því að lögmenn eru að klikka á tilkynningar- eða fyrningarfresti hlýtur að kalla á það að þróunin verði sú að váttryggingafélög líti frekar til þessa í áhættumati vegna verðlagningar starfsábyrgðartrygginga. Þeir lögmenn sem sýna skipulag í rekstri og að þeir séu með gott upplýsinga- eða gæðakerfi vegna þeirra mála sem þeir eru að vinna hverju sinni fá þá hagstæðari kjör en þeir sem ekki sýna það.

Eru lögmenn að kaupa aukatryggingar í nógu miklum mæli og hvernig tryggingar eru það þá?

Það er alveg ljóst að lögmenn sem sjálfstæðir atvinnurekendur þurfa auðvitað að huga að því hvernig þeir eru í stakk búnir til að mæta fjárhagslegum áföllum vegna veikinda eða slysa og blasir við að kaupa einhvers konar persónutryggingar hjá váttryggingafélagi til að mæta slíku. Að öðru leyti gildir um rekstur lögmanna eins og annarra að þeir þurfa að meta sjálfir hvaða fjárhagslegu áföll þeir geta mögulega borið sjálfir, hvort og hvaða váttryggingarvernd þeir geti mögulega keypt vegna þeirra áfalla sem fyrir séð er að þeir geti ekki borið sjálfir. Ég minni á hversu mikilvægt fjárhagslegt sjálfstæði lögmanna er í ljósi orðalags 2. tl. 1. mgr. 6. gr. laga um lögmenn þar sem kemur fram að lögmannsréttindi séu háð því sá sem þau sækir hafi aldrei sætt því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta. Alvarleg fjárhagsleg áföll geta því sett miklu meira strik í reikning lögmanna en annarra.

Ég get ekki svarað því með tæmandi hætti hvaða váttryggingar lögmenn eru almennt að kaupa en hvet alla til að kynna sér þau mál vel og reglulega. Eins og ég sagði áðan þá virðist „trendið“ vera þannig að æ fleiri lögmenn eru að hækka fjárhæðir starfsábyrgðartrygginga sinna. Það má einnig velta fyrir sér hvort lögmenn nýti sér að einhverju leyti heimild í lögum um lögmenn til þess að takmarka skaðabótaábyrgð sína í einstökum málum eins og þeim er heimilt að gera skv. 4. mgr. 25. gr. Það má sjá þessa dæmi í einhverjum gjaldskrá m lögmannsstofa en mér er ekki kunnugt um að það reyni mikið á þetta í samningum. *EI.*

Hvað kostar starfsábyrgðartrygging lögmanna?

Að meðaltali greiða lögmenn á bilinu 120-250 þúsund á ári í iðgjöld fyrir lágmarkstrygginguna, með hliðsjón af áhættumati váttryggingafélagsins sem á í hlut. Flest váttryggingafélögin bjóða upp á tvær leiðir í starfsábyrgðartryggingu lögmanna. Annars vegar er reiknað fast iðgjald fyrir hvern lögmenn og viðbótargjald fyrir hvern fulltrúa og hins vegar sameiginleg trygging lögmanna samkvæmt reglugerð nr. 200/1999. Þá er miðað við lágmarksfjárhæð reglugerðar um starfsábyrgðartryggingu lögmanna en tekið ákveðið iðgjald fyrir fyrsta lögmenn og svo ákveðið hlutfall af iðgjaldi reiknað fyrir hvern lögmenn umfram þann fyrsta, auk viðbótargjalds fyrir fulltrúa.

Sameiginleg trygging

Lögmannsstofa með sex lögmenn, tvo fulltrúa og aðstoðarfólk greiðir fyrir sameiginlega starfsábyrgðartryggingu árið 2012 kr. 360.000,-. Eigin áhætta er 10% í hverju tjóni, að lágmarki kr. 650.000,- að hámarki kr. 1.900.000,-. Hámarksbætur á váttryggingarárinu eru 49 milljónir.

Einyrki

Einyrki með starfsábyrgðartryggingu fyrir árið 2012 greiðir kr. 106.500,-

Eigin áhætta er 256.500 í hverju tjóni. Hámarksbætur á váttryggingarárinu eru 34 milljónir.



Óðinn Elísson.

Illa tryggðir eru í tómu tjóni

viðtal við Óðin Elísson hrl.

TIL FJÖLDA ÁRA hefur Óðinn Elísson hrl. hjá Fulltingi unnið í slysa- og skaðabótamálum. Meðal viðskiptavina hans hafa verið sjálfstætt starfandi einstaklingar, þ.á m. lögmenn, sem hafa þurft að sækja bætur vegna sjúkdóma og slysa.

„Það er alltof algengt að sjálfstætt starfandi aðilar séu illa tryggðir eða ótryggðir með öllu og þegar þeir verða fyrir slysi eða veikindum eru þeir í tómu tjóni í orðsins fyllstu merkingu. Það gildir því miður oft um lögmenn líka. Einstaklingur sem ekki er með almenna slysa- og sjúkratryggingu á oft lítinn eða engan rétt, utan þeirra lágu fjárhæða sem hægt er að sækja til Sjúkratrygginga Íslands. Þó er rétt að benda á að verði menn óvinnufærir í lengri tíma en 6 mánuði geta þeir sótt um örorkulífeyri í lífeyrissjóði og uppfylli þeir skilyrði lífeyrissjóðs, fá þeir greiðslur að liðnum þremur mánuðum frá því þeir verða óvinnufærir.“

Hafi einstaklingur sem lendir í slysi almenna slysatryggingu fær viðkomandi, eftir ákveðinn biðtíma, dagpeninga meðan hann er óvinnufær.

Algengt er að miðað sé við 52 vikur í slysatryggingum. Séu afleiðingarnar varanlegar eiga menn rétt á eingreiðslubótum á grundvelli metinnar örorku. Eingreiðslan er skattfrjáls en framtalssskyld en hins vegar eru skattar greiddir af dagpeningum.“

Hvaða þætti ættu lögmenn að hafa í huga varðandi sjúkra- og slysatryggingar?

„Það er mikilvægt að slysatryggingin sé rétt samsett. Ég hef ráðlagt mönnum að hafa biðtíma eftir dagpeningum a.m.k. 3 mánuði en um leið að hafa örorkufjárhæðina sem hæsta sem eingreiðslan reiknast af. Sjúkraþáttur slysa- og sjúkratryggingar tekur síðan á áföllum sem hinn tryggði verður fyrir og telst ekki vera slys í skilningi skilmála. Sá þáttur er einnig mjög mikilvægur. Þá tel ég að allt of fáir séu með sjúkdómatryggingu en sú trygging greiðir eingreiðslubætur verði hinn tryggði fyrir alvarlegum áföllum, sem eru fyrirfram skilgreind í skilmálum tryggingarinnar. Þar má nefna krabbamein, hjartaáfall eða

heilablóðfall svo eitthvað sé nefnt. Samkvæmt skilmálum er slíkar bætur greiddar 30 dögum eftir að fullnægjandi gögn hafa verið lögð fram varðandi sjúkdóminn hjá tryggingafélaginu. Sjúkdómatryggingar gilda oft einnig fyrir börn hins tryggða á tilteknu aldursbili. Eingreiðsla gerir viðkomandi oft fjárhagslega kleift að taka sér frí til að glíma við veikindin og gefa sér lengri tíma til endurhæfingar.“

Hvaða ráðleggingar hefur þú til lögmanna?

„Að tryggja sig vel og leita ráða hjá óháðum sérfræðingum um samsetningu trygginga. Það er of algengt að verið sé að selja „meðaltalsfræði“ en ekki horft til þess hver sé raunveruleg vátryggingaþörf þess sem kaupir tryggingarnar. Það er ótrúlega algengt að sjálfstætt starfandi einstaklingar sem lenda í slysi halda að þeir séu vel tryggðir með slysatryggingu heimilistryggingar en hún er lágmarksvernd sem einungis gildir í frítíma.“

EL.

Sjúkra- og slysatryggingar lögmanna

SJÁLFSTÆTT STARFANDI LÖGMENN þurfa að huga sjálfir að því hvernig þeir eru tryggðir gagnvart sjúkdómum og slysum. Fjölbreyttar tryggingar eru í boði og því erfitt að bera þær saman svo vel sé. Auk þess að geta keypt sér tryggingar hjá váttryggingafélögunum geta lögmenn fengið tryggingar í gegnum sjúkrasjóði stéttarfélaganna en hér á eftir eru tekin saman dæmi um tryggingar hjá einu váttryggingafélagi og tveimur sjúkrasjóðum. Athugið að aðeins er um dæmi að ræða, ekki fullnaðarúttekt, heldur eru þau einungis sett fram til að sýna hversu mismunandi vernd er í boði. Nánari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðum váttryggingafélaga og stéttarféлага.

Slysa- og sjúkratrygging hjá váttryggingafélagi

Fimmtugur lögmaður er með slysa- og sjúkratryggingu, þar sem biðtími er þrjú mánuðir og bætur eru greiddar út að hámarki í 23 mánuði. Bætur á mánuði eru kr. 512.000,- Fyrir þessa tryggingu greiðir hann kr. 118.000,- á ári en við 64 ára aldur fellur tryggingin

niður. Örorkubætur slysa- og sjúkratryggingarinnar nema 15,4 milljónum. Tryggingin greiðir ekki vegna sjúkdóms á meðgöngu, né heldur gildir hún fyrir börn hins tryggða. Þess má geta að váttryggingafélögin áskilja sér rétt til að fá allar heilsufarsupplýsingar um hinn tryggða en sjúkrasjóðir stéttarfélaganna gera það ekki.

Sjúkrasjóður BHM

Lögmaður greiðir í sjúkrasjóð BHM, þar sem biðtími er þrjú mánuðir og bætur greiddar út að hámarki í 12 mánuði (en 24 mánuði á tíu ára tímabili). Bætur á mánuði nema 80% af launum sl. 12 mánuði, að hámarki kr. 560.000,-. Fyrir þessa tryggingu greiðir lögmaðurinn 1% af launum í sjúkrasjóð og 0,85% af dagvinnulaunum í stéttarfélagsiðgjald. Miðað við kr. 700.000,- mánaðarlaun nema iðgjöldin á ári kr. 155.000,-. Auk þessa er innifalið í tryggingunni allt að 3 mánuðir fyrir alvarleg veikindi barns, útfararstyrkur allt að tveimur árum eftir að sjóðfélagi hættir störfum, dánarbætur, ýmsir fyrirbyggjandi styrkir, dánar- og örorkubætur vegna barna og

fleira. Engin slysatrygging er innfalin í sjúkrasjóði BHM.

Sjúkrasjóður VR

Lögmaður greiðir í sjúkrasjóð VR. Hann þarf að klára veikindarétt í eigin rekstri áður en hann fær dagpeninga eins og kjarasamningar segja til um. Bætur eru greiddar út að hámarki í 9 mánuði á 12 mánaða tímabili. Bætur á mánuði nema 80% af meðallaunum sem væru kr. 560.000,- m.v. kr. 700.000,- mánaðarlaun. Fyrir þessa tryggingu greiðir lögmaðurinn 1% af launum í sjúkrasjóð og 0,7% í stéttarfélagsiðgjald sem gerir kr. 142.800,- á ári. Auk þess eru innifaldir dagpeningar vegna langvarandi veikinda maka eða barna, veikindi á meðgöngu, komi dagpeningagreiðsla ekki frá öðrum á sama tíma, styrkur vegna tæknifrjövgunar, dánarbætur, sem fara eftir fjölskyldustærð, örorkubætur vegna slyss í frítíma, styrkir í gegnum Varasjóð VR og slysabætur.

EI.

Andri Árnason hrl.
Finnur Magnússon hdl., LL.M.
Halldór Jónsson hrl.
Lárus L. Blöndal hrl.
Páll Ásgrímsson hdl., LL.M.
Sigurbjörn Magnússon hrl.
Stefán A. Svensson hrl., LL.M.
Vífill Harðarson hdl., LL.M.

juris

Borgartúni 26
IS 105 Reykjavík
+354 580 4400
www.juris.is

Aftur á byrjunarreit eftir 30 ár

Viðtal við Inga H. Sigurðsson hdl.



ÞEGAR INGI H. SIGURÐSSON lögmaður hjá Lögmönnum Hafnarfirði veiktist voríð 2010 grunaði hann ekki að saklaus flensa myndi breyta lífi hans til langs tíma. Þó tvö og hálf ár séu liðin síðan hann veiktist er hann langt því frá búinn að jafna sig. Í tilefni þess að þema blaðsins að þessu sinni eru tryggingamál lögmanna tók Lögmannablaðið hús á Inga og spurði um áhrif veikindanna á lífið og tilveruna.

Upp úr flensunni fékk ég vírus sem olli hjartabilun er dró mjög úr dælugetu hjartans. Síðan þetta gerðist hef ég verið fimm sinnum á sjúkrahúsi, lengst í einn mánuð samfelld. Nú er ég kominn með svokallaðan bjargráð og bíð eftir því að komast í þjálfun á Reykjalundi í annað sinn. Ég vonast svo til þess að í framhaldinu geti ég farið að vinna á ný.

Nú ert þú einyrki með skrifstofuadstöðu ásamt fleiri lögmönnum undir nafni Lögmanna Hafnarfirði. Hafa veikindin

haft mikil áhrif á afkomu þína?

Já, þau hafa haft mikil áhrif að ég tali nú ekki um fjárhaginn. Tímasetningin á veikindum mínum er auðsjáanlega afleit hvað fjárhagsmálefni varða. Ég er með sjúkra- og slysatryggingu hjá Sjóvá og fæ dagpeninga í allt að þrjú ár. Sú tryggingavernd munar öllu. Ég keypti mér sjúkratryggingu þegar ég byrjaði í sjálfstæðum atvinnurekstri árið 1984 og hef haldið henni óbreyttri alla tíð síðan, það kemur sér vel núna. Tryggingaiðgjöld eru nokkuð dýr en margborga sig þegar og ef á reynir. Þar sem mér var ókleift að vinna í eigin málum, sökum veikinda, hefur sá mæti maður Gylfi Thorlacius hrl. séð um öll samskipti mín við tryggingafélagið. Þau samskipti hafa gengið snurðulaust. Samkvæmt tryggingaskilmálum, fer ég þegar tími þykir til kominn í örorkumat þar sem afleiðingar veikindanna verða metnar. Að því mati loknu fæ ég eingreiðslu frá tryggingarfélaginu. Í dag tel ég mig að sjálfsögðu heppinn að vera vel tryggður.

Hvernig hefur þér gengið að vinna úr þessu áfalli?


Það er erfitt að vinna sig út úr framanlýstum aðstæðum, bæði hvað varðar starf og daglegt líf. Vinnan er stór partur af lífi hvers manns. Þegar veikindi mín báru að var ég nýlega farinn að draga úr vinnu minni og stytta vinnuvikuna nokkuð, til að njóta lífsins að öðru leyti. Í svona veikindum einangrast menn félagslega. Það er ekki bara starfið sem fer í mola, heldur fara einnig öll áhugamálin forgörðum. Í tómsundum stundaði ég árum saman útivist, til dæmis skotveiðar og stangveiðar. Það eykur á leiðindin og reynir á skapið að geta ekki sinnt áhugamálum sínum. Það er ekki uppörvandi að þurfa oft í viku mæta til læknisrannsóknna og endurhæfingar. Það léttir hins vegar lundina mikið að kíkja við hjá gömlu kollegunum af og til. Þeir hafa reynst mér afar vel við þessar aðstæður sem ég nú bý við.

Átt þú von á að eiga afturkvæmt í lögmenskuna?

Auðvitað er ég bjartsýnn á að geta hafið vinnu á ný en það verður varla á sömu forsendum og áður. Ef til þess kemur verð ég að segja má á byrjunarreit því skjólstæðingum mínum hef ég í mörgum tilfellum þurft að beina annað.

Áttu til einhverjar ráðleggingar til lögmanna varðandi það hvernig þeir eigi að tryggja sig?

Hver og einn verður að meta tryggingaþörf sína sjálfur. Tryggingar kosta sitt en í mínu tilfelli hefur góð trygging bjargað því sem bjargað varð. Það gefur auga leið að það er ekki hægt að stöðva rekstur lögmanns eins og hendi sé veifað. Lögmaður er með viðskiptavini sem þarf að sinna. EI.



Dómasafn Creditinfo

» Í Dómasafni Creditinfo er að finna alla hæstaréttardóma sem fallið hafa frá stofnun Hæstaréttar árið 1920, auk þeirra dóma undirréttar sem áfrýjað hefur verið. Mikil áhersla er lögð á gæði safnsins og á að dómur séu ávallt réttir. Leitarvél hefur nýlega verið endurhönnuð og beygingarorðasafn tengt við hana. Margvísleg leitarskilyrði spara notendum tíma og auðvelda leit að þeim dómum sem þörf er á.

Tryggðu þér aðgang að nýju og endurbættu dómasafni Creditinfo

Nánari upplýsingar um Dómasafn Creditinfo má finna á www.creditinfo.is eða í síma 550-9600.





F.v. Jónas Þór Guðmundsson hrl., Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl., og Berglind Svavarsdóttir hrl.

Félagsfundur um málskostnaðar- ákvarðanir

ÞANN 25. OKTÓBER S.L. VAR HALDINN FÉLAGSFUNDUR HJÁ LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS. UMRÆÐUEFNIÐ VAR MÁLSKOSTNAÐARÁKVARÐANIR DÓMSTÓLA Í EINKAMÁLUM OG ÁKVÖRÐUN ÞÓKNUNAR TIL VERJANDA OG RÉTTARGÆSLUMANNA. FRUMMÆLENDUR VORU JÓNAS ÞÓR GUÐMUNDSSON HRL. OG FORMAÐUR LMFÍ, BERGLIND SVAVARSDÓTTIR HRL., BJARNI ÞÓR ÓSKARSSON HRL. OG VILHJÁLMUR HANS VILHJÁLMSSON HRL.

Í byrjun sagði Jónas Guðmundsson formaður að ákveðið hefði verið að boða til félagsfundarinnar þar sem stjórn hefði fundið fyrir vaxandi óánægju félagsmanna um málskostnaðar-
ákvarðanir dómstóla. Þrátt fyrir fjölda samráðsfunda, alls 42 frá árinu 2000, og miklar bréfaskriftir félagsins við ráðuneyti með beiðni um úrbætur, alls 30 bréf á þessum tíma, hefði árangur ekki verið í samræmi við væntingar sem forsvarsmenn félagsins höfðu gert sér. Frá árinu 2007 hefði verið erfiðara að ná fram leiðréttingu og nú væri svo komið að málið væri botnfrosið.

Í kjölfar umsóknarferlis um aðild að Evrópusambandinu sendi Lögmanna-
félagið umsögn um réttarkerfið á Íslandi til Brussel í maí 2011. Fulltrúi félagsins fór utan í kjölfarið og lýsti þar yfir

áhyggjum af opinberri réttaraðstoð hér á landi, bæði í gjafsóknarmálum og í opinberum málum.

Jónas taldi að dómstólaráð sinni ekki rannsóknarskyldum sínum og svo virtist sem dómara gerðu ekki greinarmun á launum og tekjum. Aðalmálið væri að sakborningar fengju fulla vörn í sakamálum og í einkamálum, að sá sem vinnur mál ætti að koma skaðlaus frá því. Viðmiðunartímagjald dómstólaráðs er nú kr. 10.000 en þar var lækkað úr kr. 11.200 í byrjun árs 2010 og hefur ekki verið endurskoðað síðan.

Tvær hugmyndir hafa verið ræddar til úrbóta í málskostnaðarákvörðunum dómstóla. Annars vegar að lögum um meðferð einkamála verði breytt þannig að dómara þurfi að rökstyðja málskostnaðarákvörðun sína ef ekki

er farið eftir tímaskýrslu og hins vegar að málskostnaðarákvarðanir verði ekki teknar af dómstólum heldur færðar til sérstaks stjórnvalds.

Bakgrunnur dómara skiptir máli

Berglind Svavarsdóttir hrl. fjallaði um málskostnaðarákvarðanir dómstóla í einkamálum. Sagði hún að dýrt væri að reka mál fyrir dómstólum og lagði áherslu á að málskostnaðarkrafa væri krafa málsaðila ekki lögmanna. Það kæmi alltof oft fyrir að aðili sem vinni mál þurfi samt sem áður að greiða sínum lögmanni þar sem máls-
kostnaðarákvörðun dómara dygði ekki.

Berglind sagði að hún hefði fundið fyrir því að bakgrunnur dómara skipti



máli þegar þeir tækju ákvörðun um málskostnað. Þannig væru málskostnaðarákvarðanir hærrí hjá þeim dómurum sem hefðu sjálfir reynslu af því að vera í rekstri. Rökstuðning vantaði frá dómurum þegar þeir færu ekki eftir tímaskýrslu lögmanns og sagðist Berglind hafa velt því fyrir sér hvort sá möguleiki ætti að vera fyrir hendi að kæra málskostnaðarákvörðun til dómstólaráðs.

Hugarfarsbreytingu þarf hjá dómurum

Bjarni Þór Óskarsson hrl. fjallaði um málskostnaðarákvarðanir í útivistarmálum. Á árinu 1992 var gjaldskrá þar sem miðað var við hagsmunatengingu

en breyting hefur orðið þar á. Í mars 2010 var tekin einhliða ákvörðun af dómstólaráði um hver málskostnaður ætti að vera í árituðum stefnum. Fjárhæðir voru síðan lækkaðar aftur með tilkynningu dómstólaráðs frá 29. febrúar 2012. Bjarni sagði að hann teldi að þessa stjórnarsýslu ekki standast lög og spurði hvar lagastoðin væri fyrir reglunum.

Bjarni sagði að dómara ávallt miða við lágmarksfjárhæð málskostnaðar og það þyrfti hugarfarsbreytingu hjá þeim sem Lögmannafélagið þyrfti að beita sér fyrir.

Reikningar greiddir seint og illa

Að lokum fjallaði Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl. um málskostnaðarákvarðanir í opinberum málum. Honum var tíðrætt um vinnubrögð lögreglu á rannsóknarstigi þar sem erfiðlega gengi að fá ákvörðun um þóknun og síðan væru reikningar greiddir seint og illa. Nefndi hann dæmi um reikning sem hann sendi árið 2009 vegna fjögurra klukkustunda vinnu en þremur árum síðar, á árinu 2012, kom fram ósk um að reikningurinn yrði lækkaður. Skýrar reglur þyrftu að vera um að reikningar væru greiddir strax.

Vilhjálmur sagði ennfremur að það tímagjald sem nú væri miðað við væri allt of lágt. Almenna reglan væri að leggja fram tímaskýrslu sem er sönn og rétt og að hún ætti að fást greidd.

Spurningar í lokin

Nokkrir félagsmanna tóku til máls í almennum umræðum og var samdóma álit þeirra að það tímagjald sem ákvarðað hafi verið af dómstólaráði sé of lágt. Þá væri það óþolandi þegar dómara skæru niður framlagða tímaskýrslu án rökstuðnings. Þær spurningar sem uppúr standa eru, hvers vegna telja dómara að framlagðar tímaskýrslur lögmanns séu rangar og hvers vegna telja dómara að tímagjald lögmanns sé of hátt?

Sigríður Kristinsdóttir bdl.

RÝMI 75 ÁR
1936-2011
OFNASMÍÐJAN

Það sparast pláss og tími með lausnum frá Rými

Frábærar lausnir fyrir stofnanir, einstaklinga og fyrirtæki

Afmælis-
tilboð á
hillum
-20%

- Geymslu- og lagerhillur
- Skjalaskápar á hjólum
- Starfsmanna- og munaskápar
- Verslunarinnréttingar
- Gínur og fataslár
- Lagerskúffur og bakkar
- Ofnar og hitakerfi
- Sorpilát - úti og inni



- Ráðgjöf
- Hönnun
- Sérsmíði
- Þjónusta





Gleðileg jól, farsælt komandi ár

REYKJAVÍK

**Lögmansstofa
Bjarna Eiríkssonar hdl.**

Lágmúla 7
108 Reykjavík

**Lögmansstofa Ingimars
Ingimarssonar hrl sf.**

Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík

Jón Gunnar Zoëga hrl.

Laugavegi 7
101 Reykjavík

Lögron ehf.,

Ásvallagötu 2
101 Reykjavík

Arctica Finance hf.

Katrínartúni 2
105 Reykjavík

ÁH lögmenn slf.

Brándarseli 2
109 Reykjavík

**E. Sigurjónsson
lögmansstofa ehf.**

Suðurlandsbraut 4
105 Reykjavík

**Jón Egilsson hrl.
og Auður Björg Jónsdóttir hdl.**

Knarrarvogi 4
104 Reykjavík

JP Lögmenn ehf.

Katrínartúni 2
105 Reykjavík

**Juralis ehf., lögmansstofa
Sveinn Guðmundsson, hrl.**

Síðumúla 27
108 Reykjavík

LAG-Lögmenn sf.

Ingólfsstræti 5
101 Reykjavík

Lausnir lögmansstofa ehf.

Skógarhlíð 12
105 Reykjavík

Lögafli - lögmansstofa

Kringlunni 4-12
103 Reykjavík

Lögmenn Árbæ slf.

Nethyl 2
110 Reykjavík

Lögmenn Jónas & Jónas Þór sf.

Stórhöfða 25
110 Reykjavík

Lögmenn Laugavegi 3 ehf.

Laugavegi 3
101 Reykjavík

Ólafur Guðafsson hrl.

Kringlunni 7
103 Reykjavík

Pacta lögmenn

Laugavegi 99
101 Reykjavík

Sigurður I Halldórsson hdl.

Suðurlandsbraut 8
108 Reykjavík

Sigurjónsson & Thor ehf.

Lágmúla 7
108 Reykjavík

Umslag ehf.

Lágmúla 5
108 Reykjavík

Valva lögmenn

Austurstræti 17
101 Reykjavík

Veritas lögmenn

Borgartúni 25
105 Reykjavík

SELTJARNARNES

Gunnar Guðmundsson

Eiðistorgi 17
170 Seltjarnarnes

KÓPAVOGUR

BGM slf.

Birgir G. Magnússon hdl.
Hamraborg 12
200 Kópavogur

Guðmundur Þórðarson

Hamraborg 14a
200 Kópavogur

Íslenska lögfræðistofan

Smáratorgi 3
201 Kópavogur

**Lögfræðistofa Jóhanns
Baldurssonar hdl.**

Hlíðasmára 6
201 Kópavogur

Lögmansstofa SS ehf.

Hamraborg 10
200 Kópavogur

Versus lögmenn

Hlíðasmára 14
200 Kópavogur

HAFNARFJÖRÐUR

Lögmenn Bæjarhrauni 8

Bæjarhrauni 8
220 Hafnarfjörður

Lögmenn Thorsplani sf.

Fjarðargötu 11
220 Hafnarfjörður

STYKKISHÓLMUR

Málflutningsstofa Snæfellsness

Aðalgötu 24
340 Stykkishólmur

AKUREYRI

Almenna lögbjónustan hf.

Skipagötu 7
600 Akureyri

JÓNAS ÞÓR GUÐMUNDSSON HRL.



Um ábyrgðartryggingar lögmannna

HANDVÖMM Í STÖRFUM LÖGMANNS getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Nefna má sem dæmi að há fjárfrafa sem lögmaður hefur til innheimtu fyrnist.

Samkvæmt 25. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998 ber lögmaður bótaábyrgð á störfum sínum og starfsmanna sinna eftir almennum reglum. Í ákvæðinu segir jafnframt að lögmönnum sé skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum þeirra eða starfsmanna þeirra. Ráðherra skal, að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands og umsögn Fjármálaeftirlitsins, ákveða lágmark fjárhæðar ábyrgðartryggingar og hámark eigin áhættu váttryggingartaka. Skal þá höfð hliðsjón af góðum venjum á sviði váttrygginga og hagsmunum viðskiptamanna lögmannna.

Í reglugerð nr. 200/1999 er að finna ákvæði sem ráðherra hefur sett um starfsábyrgðartryggingar lögmannna. Þar er meðal annars tiltekið lágmark ábyrgðartryggingar vegna hvers tryggingartímabils, en það nemur í dag um það bil kr. 34.000.000. Tekið er fram að þegar tveir eða fleiri lögmennt starfa saman með sameiginlega starfsstofu teljast þeir fullnægja tryggingarskyldu sinni með því að leggja fram sameigin-

lega tryggingu, enda sé lögð fyrir Lögmannafélag Íslands yfirlýsing um óskipta bótaábyrgð. Lágmark skal þá hækka um 10% fyrir hvern lögmann umfram einn.

Á síðustu árum hafa störf margra lögmannna breyst að því leytnu til að fjárhæðir krafna sem þeir vinna með eru í sumum tilvikum mjög háar. Miklu hærri en áður hefur almennt þekkt hér á landi. Ástæður þess er meðal annars að rekja til hrunsins. Oft er um að ræða fjárkröfur sem tengjast þrotabúum eða öðrum uppgjörsmálum. Nauðsynlegt hefur þá reynt að fá skorið úr um greiðsluskyldu eða fjárhæð, enda þótt litlar líkur kunni að vera á að greiðsla fái upp í kröfuna.

Augljós vandi blasir við lögmönnum vegna þessarar breyttu stöðu. Fjárhæð ábyrgðartryggingar, ekki síst ef aðeins er um lágmarkstryggingu að ræða, dugar í mörgum tilvikum ekki lengur. Sjálfsgagt er að lögmenn bregðist við með því að hækka ábyrgðartrygginguna. Iðgjöld geta þá hækkað verulega og jafnvel numið mörgum milljónum króna á ári. Erfitt getur verið fyrir lögmennt að standa undir svo háum iðgjöldum.

Nauðsynlegt er fyrir lögmennt að huga vel að þessum málum. Skiljanlegt er

að þeir vilji síður gefa frá sér verkefni. Í því sambandi er í fyrsta lagi rétt að vekja athygli á að áður nefnt ákvæði 25. gr. lögmanna laga heimilar lögmanni að takmarka ábyrgð sína. Samkvæmt því er lögmanni heimilt með samningi um ákveðið verk að takmarka hámark bótaskyldu sinnar vegna rækslu þess við tiltekna fjárhæð sem nemi að minnsta kosti lágmarki ábyrgðartryggingar. Slík takmörkun bindur aðeins viðsemjanda lögmanns og getur ekki náð til annars tjóns en þess sem stafar af einföldu gáleysi. Í öðru lagi getur komið til greina að semja við umbjóðanda um að hann greiði fyrir sérstaka viðbótartryggingu vegna verks, ef um háar fjárhæðir er að ræða. Þrautalendingin hlýtur að vera sú að lögmaður gefi frá sér verk ef ábyrgðartrygging sem hann hefur tekið vegna starfa sinna dugar ekki.

Ástæða er til þess að hvetja lögmennt til að gæta vel að sér í þessum efnum. Það þjónar best hagsmunum umbjóðenda lögmannna og þeirra sjálfra. Áhætta getur reynt dýrkeypt.

100 orð að loknum kosningum um stjórnarskrá

Í TÍLEFNI NÝAFSTAÐINNA KOSNINGA UM TILLÖGUR STJÓRNLAGARÁÐS FÓR LÖGMANNABLAÐIÐ ÞESS Á LEIT VIÐ NOKKRA LÖGMENN AÐ ÞEIR SENDU BLAÐINU STUTTAR ATHUGASEMDIR UM ÞÆR.



Jón Sigurðsson hrl.

Ýmislegt sem fremur á heima í almennri löggjöf

Tillögur stjórnlagaráðs ganga víða lengra en einstök ákvæði um sama efni í gildandi stjórnarskrá. Á þetta m.a. við um 96. gr. tillagnanna, um skipun embættismanna, sem lýsir verkferli tengdu mati á umsækjendum í „önnur æðstu embætti“. Eðlilegra er að eftirláta löggjafanum að móta slíkar reglur með almennri löggjöf. Grundvallarlög eiga eingöngu að innihalda tiltekinn grunnramma um skipun embættismanna, svo sem gert er í 20. gr. stjórnarskrárinnar. Þá verður að

setja spurningarmerki við margt í tillögunni, s.s. hvers vegna á að skipa nefnd eingöngu vegna annarra æðstu embætta en dómara og ríkissaksóknara, hver nákvæmlega „önnur æðstu embætti“ eru, hvers vegna verið er að veita löggjafarvaldinu hlutverk við skipun dómara og embættismanna og forsetanum við skipun nefndarinnar.



Sigurður Guðmundsson hdl.

Hættum að tala illa um stjórnarskrána

Í umræðu um tillögur stjórnlagaráðs til nýrra stjórnskipunarlaganna hefur mér fundist því bregða við að tillögurnar séu rökstuddar með því að rægja stjórnarskrána; hún er sögð tengjast „gamla Íslandi“ og atburðirnir, sem gerðust veturinn 2008, á einhvern hátt raktir til hennar eða henni kennt um að hafa ekki komið í veg fyrir þá.

Ég tel að slík umræða sé á villigötum. Í fyrsta lagi vegna þess að gildandi stjórnarskrá hefur reynst okkur vel, m.a. á þeim róstursama

tíma sem verið hefur undanfarin misseri. Í öðru lagi vegna þess að ég tel að bera eigi virðingu fyrir æðstu lögum landsins. Ég tel sjálfsagt og gagnlegt að sett sé fram rökstudd gagnrýni á stjórnarskrána, en það að tala niður stjórnarskrána, til þess eins að reyna að upphefja tillögur stjórnlagaráðs, gerir engum gott.



Dóra Sif Tynes hrl.

Breytingar breytinga vegna

Í mannréttindakafla tillagna stjórnlagaráðs er leitast við að tryggja í auknum mæli efnahagsleg og félagsleg réttindi en ákvæði af þeim toga munu sjálfsagt alltaf verða umdeild lögfræðinga á milli. Hins vegar vekur furðu að stjórnlagaráð hafi talið nauðsynlegt að breyta orðalagi ákvæða er varða hin svonefndu klassísku mannréttindi sem almennt er talin ríkja sátt um. Hafa verður í huga að breytingar á framsetningu og orðalagi ákvæða eru ekki eingöngu lagatæknilegs eðlis, líkt og í tísku er

að vísa til, heldur geta verið til þess fallnar að breyta efnislegu inntaki mannréttindaákvæða. Að mínu mati er því rík ástæða til að varast slíkar breytingar séu þær settar fram í þeim eina tilgangi að breyta með einhverjum hætti nügildandi mannréttindaákvæðum án þess að efnislegar forsendur liggi þar að baki sem sátt ríkir um.



Grímur Sigurðarson hdl.

Sjálfstæði dómssvaldsins

Stjórnlagaráðið fjallar um sjálfstæði dómssvaldsins í frumvarpi til stjórnskipunarlags og segir að „það sé grundvallarforsenda í lýðræðislegu þjóðfélagi að sjálfstæðis æðstu handbafa dómssvaldsins sé gætt eins og kostur er“. Í frumvarpinu er ýmsum ákvæðum varðandi dómssvaldið breytt. Til dæmis er felld á brott heimild hæstaréttardómara til að láta af embætti 65 ára án þess að missa neins af launum sínum, sem tryggð er með 61. gr. nügildandi stjórnarskrár. Það kom

mér á óvart að engar skýringar er að finna í athugasemdunum á breytingunni – sem er til þess fallin að vega að sjálfstæðinu sem stjórnlagaráðið segir sjálft mikilvægt að gæta.

Af Merði lögmanni

Mörður ákvað fyrir nokkru síðan að bjóða sig fram í prófkjöri Framsóknarflokksins fyrir Alþingiskosningar á komandi ári. Helsta ástæðan var sú að hann var orðinn leiður á að verja smákrimma og fannst tími til kominn að leggja sitt lóð á vogarskálar landsmálanna, miðla af reynslu sinni og þekkingu.

Þótt Mörður hafi ekki lagt sig eftir svokölluðu bloggi sem tröllríður nútímanum, þá hefur hann verið vinsæll pistlahöfundur í Lögmannablaðinu frá árdögum þess merka blaðs. Hann taldi sig því að minnsta kosti njóta fylgis meirihluta lögmannastéttarinnar í prófkjörinu.

Mörður hefur alla tíð þótt hreinskilinn í pistlum sínum og með skýra sýn, auk þess að vera óhræddur við að stinga á þau mein sem hafa helst hrjáð aumar lögmannssálir á landinu bláa.

Mörður var tilbúinn að leggja sig allan fram á Alþingi – vera baráttuglaður þingmaður, hvort heldur sem væri í meiri- eða minnihluta. Hann ætlaði að berjast fyrir því að stöðva áralöng og linnulaus útgjöld ríkisins, lækka skatta og tolla, auka rými einstaklinga til atvinnurekstrar og frelsi fjölmiðla með strangari lögum, minnka eftirlit með atvinnurekstri og bankastarfsemi, vernda náttúruna og virkja fleiri ár. Hann hefur jafnvel tjáð sig um með hvaða hætti best sé að auka frelsi og réttindi kvenna, svo mikið er honum í mun að þingmaðurinn, sem hann hefur gengið með í maganum, fái að brjótast út.

Til þess að búa sig undir baráttuna lagði Mörður gömlu Gefjunarjakkafötunum og setti sig í samband við virtustu almannatengslaráðgjafa landsins. Þar var honum uppálagt að leggja inn dágóða upphæð á reikning og stofna síðan fjélsbókarsíðu, vildi hann á annað borð ná eyrum flokksmanna. Það hafa hins vegar engir peningar verið á bankareikningum Marðar frá „svokölluðu“ efnahagshruni, svo í staðinn sótti hann fast að fá forsíðuviðtal við sig í helstu dagblöðunum – var jafnvel tilbúinn að tjá sig um þær kjaftasögur sem um hann hafa gengið í gegnum árin.

Mörður var tilbúinn í prófkjörsslaginn í sinni gömlu heimasveit á Ströndum þegar hann rakst á vegg. Hann hafði lengi reynt að komast til áhrifa innan Framsóknarflokksins en hafði á einhvern dularfullan hátt átt erfitt uppdráttar, þrátt fyrir að hafa á stundum staðið að baki bestu refsákum sem tefldar hafa verið á taflborði stjórnmalanna, átt snilldarleiki í reykmettuðum bakherbergjum, verið baneitrað það. Það er nefnilega vandi Marðar. Hann hefur aldrei komist lengra en að vera það í valdatafli stjórnmalanna.

Í stað prófkjara var á síðustu stundu ákveðið að raða á lista í kjördæmi Marðar og þar komst hann ekki einu sinni á blað. Hvítir, síðmiðaldra karlar, með ilsig, gyllinæð og í yfirvigt, eiga greinilega ekki lengur upp á pallborðið hjá hans gamla flokki og Mörður hefur því sagt sig úr Framsóknarflokknunum.

Nú leitar Mörður að nýjum flokki sem er tilbúinn að nýta reynslu hans og þekkingu. Mörður, sem telur sig vera frjálslyndan miðjumann, vill helst setjast í öruggt sæti, ætlar að verða skynsemisrödd Alþingis og leggja áherslu á uppbyggingu í atvinnumálum og nýfjárfestingu. Hann er þó harður á móti kaupum útlendinga á Íslandi, enn harðari andstæðingur ESB en finnst þó rétt að þiggja alla styrki sem bjóðast á þeirra vegum. Svo vill Mörður helst loka á að útlendingar geti flutt til Íslands en styður það að Íslendingar geti búið og ferðast um víða veröld.

Það fyrsta sem Mörður mun hinsvegar gera, nái hann kjöri á Alþingi, er að leggja fram frumvarp til laga um breytingar á stjórnarskránni. Það er réttlætismál að framvegis verði frambjóðendur til Alþingis að vera að minnsta kosti með BA próf í lögfræði. Þeir sem setja lög þurfa að kunna eitthvað í lögum eins og læknar þurfa að kunna læknisfræði eða prestar guðfræði. Og eitthvað verða lögmenn að hafa fyrir stafni að lokinni hrunstiltektinni sem lýkur fyrr en síðar.



FFTON / ISA

MP banki eflir atvinnulífið

MP banki er eini sjálfstæði og óháði einkabankinn og því í kjörstöðu til að veita úrvals þjónustu fyrir íslenskt atvinnulíf, athafnafólk, fjárfesta og sparifjáreigendur.

Stefna okkar er skýr:

Við erum banki atvinnulífsins.

- Við erum sérfræðingar í bankaviðskiptum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og veitum þeim alhliða þjónustu sem og einstaklingunum sem að þeim standa.
- Við erum leiðandi fjárfestingarbanki í fyrirtækjaráðgjöf, markaðsviðskiptum og fjármögnun í gegnum verðbréfamarkað.
- Við erum þekkt fyrir afbragðs árangur í eignastýringu á innlendum sem erlendum mörkuðum – jafnt við góðar sem erfiðar markaðsaðstæður.

Við vinnum náð með viðskiptavinum okkar og metum árangur okkar í vexti þeirra og velgengni.

Verið velkomin í banka atvinnulífsins.

mpbanki
banki atvinnulífsins



Miklar réttarbætur á sviði barnaréttar

Breytingar á barnalögum nr. 76/2003

HINN 8. NÓVEMBER síðastliðinn var haldin vegleg ráðstefna á vegum Rannsóknarstofnunar Ármanns Snævarr í fjölskyldumálefnum, innanríkisráðuneytisins og Rannsóknarseturs í barna- og fjölskyldumálum. Umfjöllunar-efnið var breytingar á barnalögum nr. 76/2003 sem samþykktar voru á Alþingi hinn 25. júní 2012. Húsfyllir var á ráðstefnunni sem haldin var á Scandic Hótel Sögu.

Breytingarlögin (lög nr. 61/2012) hafa í för með sér talsverðar breytingar á núgildandi barnalögum. Eru allir lögmenn hvattir til að kynna sér lögin og lagafrumvarpið en þar er að finna ítarlega greinargerð þar sem gert eru m.a. grein fyrir nýjustu rannsóknum á sviðinu, fjallað er um breytingarnar og hvaða áhrif þær munu hafa á réttarsviðið o.m.fl.

Dómarameimild innleidd í lögin

Helstu breytingarnar eru að svokölluð dómarameimild er innleidd í lögin, þ.e. dómara munu hafa heimild til að dæma sameiginlega forsjá. Þá eru gerðar viðamiklar breytingar á málsmeðferð hjá sýslumannsembættum vegna ágreinings um forsjá og eru aðilar forsjármáls m.a. skyldaðir til að fara í gegnum slíka málsmeðferð áður en dómsmál um forsjá

er höfðað. Þá má nefna að ákvæði um að maki forsjárforeldris (sem fer einn með forsjá barns) fái forsjá þess við sambúð eða hjónaband, og haldi henni ef forsjárforeldrið fellur frá, er afnumið en í staðinn er forsjárforeldri og maka þess heimilt að semja svo um að þau fari framvegis sameiginlega með forsjá barns. Gert er ráð fyrir að kynforeldrið hafi umsagnarrétt um slíkan samning. Með frumvarpinu eru jafnframt lögfest þau sjónarmið sem lengi hafa legið til grundvallar í deilum um forsjá og umgengni og hafa hingað til verið að finna í athugasemdum með einstökum ákvæðum í frumvarpinu til núgildandi laga. Þá hefur því sjónarmiði verið bætt við að líta beri sérstaklega til þess hvort að barnið, foreldri eða aðrir á heimili barnsins hafi orðið fyrir ofbeldi. Þá er með frumvarpinu sýslumanni heimilt að úrskurða um umgengni til bráðabirgða, meðan málsmeðferð um umgengni fer fram hjá embættinu og þá er ekki lengur gert ráð fyrir að barnaverndarnefndir komi að málsmeðferð hjá sýslumönnum varðandi umgengni.

Gildistöku frestað

Í byrjun fyrrnefndrar ráðstefnu steig Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra í pontu og tilkynnti m.a. að gildistöku laganna hefði verið frestað til 1. júlí

2013, en skv. frumvarpinu áttu lögin að taka gildi 1. janúar næstkomandi. Skýrði Ögmundur frestunina nánar en ekki hefur tekist að tryggja nægilegt fjármagn til að styðja breytingarnar sem lögin hafa í för með sér á fyrrgreindri málsmeðferð hjá sýslumönnum né heldur hafa þær breytingar verið nægilega vel undirbúnar og var svo að skilja að undirbúningur þeirra væri verulega stutt á veg kominn. Óhætt er að segja að tilkynning ráðherrans hafi valdið talsverðum vonbrigðum enda binda margir miklar vonir við hina endurbættu málsmeðferð hjá sýslumanni sem og aðrar breytingar á lögnum.

Reynsla sænskra dómara

Öll erindin sem flutt voru á ráðstefnunni voru góð. Að öðrum ólöstuðum fannst undirritaðri erindi sænska dómans Mats Sjösten hvað athyglisverðast. Mats Sjösten er dómari við Varbergs tingsrátt í Svíþjóð. Hann hefur áratuga dómaraeynslu, að mestu í fjölskyldumálum. Sjösten lýsti þeim sjónarmiðum sem helst koma til skoðunar varðandi dómarameimildina svokölluðu og hvernig sænskir dómara hafa þróað heimildina með dómum sínum. Benti dómarrinn sérstaklega á að samskipti foreldra eða samskiptavandi væri grundvallarþáttur við matið. Þ.e.

meta verði hvernig samskiptum foreldra hafi verið háttáð og hversu líklegt væri að foreldrar gætu átt góð og átakalaus samskipti um barnið og málefni þess. Í sænskri dómaframkvæmd hefur það t.d. ekki þótt forsenda fyrir að hafna sameiginlegri forsjá þó foreldrar geti ekki eða hafi ekki talast við í eigin persónu. Hafi samskipti um málefni barnsins t.d. verið í formi sms eða tölvupósts þá nægir það. Séu engin samskipti eða samskiptin mjög ómálefnaleg og átakamikil er það alla jafna ekki talið barninu fyrir bestu að viðhalda eða koma á sameiginlegri forsjá með dómi.

Sáttameðferð skylda

Ljóst er að dómara jafnt sem lögmenn eiga talsvert verk fyrir höndum að móta framkvæmd hvað dómaraheimildina varðar enda mun slík heimild hafa í för með sér breytingu á meðferð

forsjarmála fyrir dómi. Kröfugerðin, málsástæðurnar og mat dómara breytist. Þá mun, ef að líkum lætur, sáttameðferð flytjast alfarið frá dómstólum til sýslumannsembættanna enda aðilum skylt að fara í gegnum slíka meðferð þar áður en dómsmál er höfðað. Verður því að ætla að sættir séu fullreyndar áður en forsjarmál er höfðað.

Grundvallarbreytingar á núverandi fyrirkomulagi

Telja verður að breytingarlögin hafi í för með sér miklar réttarbætur á sviði barnaréttar. Verið er að breyta umdeildum ákvæðum og færa í lög ýmis nýmæli. Þá hafa lögin í för með sér verulega styrkingu á málsmeðferð í ágreiningsmálum um forsjá, umgengni eða meðlag hjá sýslumanni og í raun grundvallarbreytingar á núverandi fyrirkomulagi. Mun afgreiðsla sífjamála

þannig að nokkru leyti (og mögulega að miklu leyti) færast úr höndum hinna löglærðu fulltrúa sýslumannsembættanna en gert er ráð fyrir aukinni aðkomu sérfræðinga í málefnum barna og einnig ráðgjafa í fjölskyldumálefnum. Verður að telja það mjög til bóta fyrir foreldra sem standa frammi fyrir erfiðum ákvörðunum varðandi málefni barna sinna, hvort sem er í kjölfar skilnaðar og sambúðarslita eða á síðari stigum.

*Þyrí Steingrímsdóttir brl.
er lögmaður hjá Acta lögmannsstofu.*

KPMG
cutting through complexity

Erlend lán

Endurútreikningur
á erlendum lánum
til staðfestingar
við útreikning
fjármálafyrirtækja


Nánari upplýsingar:
Valur Fannar Þórrsson
í síma 545 6292
eða í tölvupósti
vthorsson@kpmg.is

kpmg.is

*Gledileg jól
og farsælt komandi ár*

**Þakka samstarfið
á árinu sem er að líða**

Ellen Ingvadóttir
Löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi



Mat á hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara

Í SÍÐASTA HEFTI Lögmannablaðsins er birt grein eftir núverandi formann Lögmannafélagsins undir ofangreindri fyrirsögn. Gerir hann þar athugasemd við umsagnir dómnefndar um hæfni umsækjenda um dómarastörf síðast þegar á reyndi. Ég hef ekki haft tækifæri til að sjá umsögn nefndarinnar. Miðað við umsækjendurna geri ég ráð fyrir að hún hafi að flestu leyti verið jákvæð. Það sem rekur mig til þessara skrifa er miklu frekar að ég hef lengi komið að þessu efni og sat á tímabili í dómnefnd um hæfni umsækjenda um héraðsdómaraembætti.

Forsagan

Fljótlega eftir að stétt umboðsstarfalausra dómara myndaðist við héraðsdómstólana, fyrst í Reykjavík og síðar utan höfuðstaðarins, fóru þeir að berjast fyrir því að umsagnarnefndum varðandi umsækjendur um dómaraembætti yrði komið á fót. Sýslumenn, sem áður höfðu haft yfirumsjón með dómstörfum auk umfangsmikilla umboðsstarfa, höfðu lengi haft mikil tengsl við stjórnsmálaflokkana en nú myndaðist dómaraastétt sem eðlilegt var að krefjast að sæti á hliðarlínunni og horfði á þjóðfélagsátök úr nokkrum fjarska. Þetta leiddi óhjákvæmilega til þess að tengsl

þessara dómara við stjórnsmálaöflin í landinu urðu lítil og þeir sáu að með óbreyttri tilhögun gæti það orðið til þess að þeir og aðrir slíkir hefðu ekki sömu aðstöðu og aðrir umsækjendur um dómaraembætti. Sá er þessar línur ritar tók sem héraðsdómari þátt í þessari baráttu og átti síðar sem þátttakandi í réttarfarsnefnd aðild að tillögugerð um slíka nefnd þegar réttarfarsumbæturnar um og eftir 1990 voru á teikniborðinu. Þegar umsagnarnefndinni var komið á laggirnar þótti eðlilegt að Hæstiréttur færi að gefa miklu ítarlegri umsagnir en áður um umsækjendur um dómaraembætti við réttinn. Eðlilega voru umsækjendur misjafnlega ánægðir með þessar umsagnir en nokkur sátu ríkti þó um þær í byrjun.

Í dómsmálaráðherratið Björns Bjarnasonar urðu svo sem kunnugt er slík átök um veitingu dómaraembættanna að talið var rétt að létta nokkuð ábyrgð Hæstaréttar á umsögnum um umsóknirnar og fá fleiri en hæstaréttardómara að verkinu. Því var efnt til núverandi skipunar. Áður en að því kom hafði ég gert samantekt um sjónarmið við veitingu dómaraembættanna sem birt var í Tímariti lögfræðinga 1/2006. Sú samantekt bar vissulega einhvern keim af skoðunum mínum en var samt

aðallega byggð á ríkjandi viðhorfum hjá Evrópuráðinu, á Norðurlöndum og við Hæstarétt Íslands. Þessi grein mun m.a. hafa verið höfð til hliðsjónar við samningu að frumvarpi því sem varð að lögum nr. 45/2010.

Samanburður við nágranna

Á Norðurlöndum sem hér tíðkaðist lengi að hæstaréttardómarar komu að verulegu leyti úr annarri opinberri þjónustu þótt nokkrir fyrrum lögmennt væru oftast í dómaraþópnum. Það er því tæpast rétt sem kemur fram í grein formannsins að í þjóðfélögum sem við viljum bera okkur saman við hafi fyrrum lögmennt verið áberandi í hópi dómara hæstaréttar. Það á miklu frekar við engilsaxneskar þjóðir, en réttarkerfi og viðhorf til réttarins er svo sem kunnugt er nokkuð annað þar en á Norðurlöndum. Þar er dómkerfið miklu meira byggt á kviðdómum, sumstaðar jafnvel bæði í sakamálum og einkamálum. Þetta hefur óhjákvæmilega bæði áhrif á málflutning og samningu dóma og gerir dómkerfið meira miðað að málflutningnum. Á Norðurlöndum verður málflutningurinn fræðilegri, og dómasamningin einnig, og því ekki síður sóst eftir umsækjendum með mikla reynslu á sviði dómstarfa og



fræðimennsku. Vera má að einhverjir vilji taka upp kviðdómendakerfi á Íslandi en tæpast er slíkt raunhæft fyrir sakir fámennis. Sé talið æskilegt að almenningur eigi einhverja aðild að dómum mætti frekar koma því fyrir með öðrum hætti.

Hæfni lögmanna til dómstarfa

Norrænir lögmenn hafa viljað fá meiri hlutdeild í dómskerfinu og meðal annars þess vegna hefur verið komið á fót umsagnarnefndum sambærilegum við okkar nefnd. Þróun dómkerfisins og þarfir þess hafa líka verið lögmönnum hliðholl sem umsækjendum. Við dómkerfisbreytinguna eftir 1990 var málflutningi fyrir Hæstarétti breytt verulega og hann gerður takmarkaðri og skilvirkari. Þó nokkrir lögmenn hafa náð góðum tókum á þessari aðferð. Þeim tekst að ná miklu efni saman á skýran máta, takmarka sig við það sem máli skiptir og sýna með öðrum hætti mikla faglega færni. Þá sýna þeir með framgöngu sinni að þeir hafa skilning á því að þeir eru nauðsynlegur hluti dómkerfisins og bera virðingu fyrir því. Þá hendir ekki að flytja málin fyrir nærstadda umbjóðendur í stað dómara, hagræða staðreyndum og gera andstæðingi sínum upp málsástæður og skoðanir, svo sem fyrir gat komið hér áður fyrr. Þá hefur sú þróun að lögmennstofunnar verða stærri og stærri gert það af verkum að sumir lögmanna gera málflutninginn eiginlega að sérgrein. Þá tíðkast það í æ ríkari mæli að lögmenn hleypha heimdraga lögmennskunnar og stundi nám eða rannsóknir heima eða erlendis. Fleiri en áður sýnast halda sér vel við í fræðigreininni. Þeir fylgjast með í EES-rétti og á sviði mannréttinda. Eftir því sem fyrirtæki landsmanna stækka og

umhverfi þeirra verður flóknara þjálfast lögmenn í því sem við gætum kallað félag- og fyrirtækjarétt. Það þarf ekki lengi að leita til að gera sér grein fyrir því að hér er verið að lýsa þeim lögmönnum sem helst þykja koma til greina sem umsækjendur um dómaraembætti við Hæstarétt Íslands. Hér á ekkert annað við en á öðrum Norðurlöndum.

Hæstaréttardómarar í dag

Nú sitja í Hæstarétti, ef mér skjálast ekki, þrjú dómara sem höfðu umfangsmikla reynslu af málflutningi áður en þeir voru skipaðir og höfðu sýnt að þeir gátu auðveldlega ferðast um víður réttarfars og lögskýringa. Auk þess höfðu tveir þeirra verið próffessorar við Háskóla Íslands um nokkra hríð og sá þriðji verið ríkislögmaður lengi. Allir höfðu þeir stundað rannsóknir í lögfræði á Norðurlöndum og jafnvel víðar. Hæstiréttur var hins vegar ekki eingöngu að sækjast eftir lærdómi þeirra heldur einnig að þeir hefðu sýnt sem málflytjendur að þeir gætu notað þann lærdóm. Flestir hinna dómara komu úr hópi þeirra sem mesta dómara-reynslu höfðu við héraðsdómstólana, auk þess að hafa stundað framhaldsnám, kennslu og rannsóknir ásamt því að sitja í nefndum til undirbúnings löggjafar. Annað aðalhlutverk Hæstaréttar hér á landi er einmitt endurskoðun á dómstörfum héraðsdómstólanna og því metið í umsóknarnefndum hvort umsækjendur hafi náð það góðum tókum á dómstörfum að þeir henti til þess að endurskoða dóma héraðsdóms. Þegar komið verður á fót millidómstigi og auknar áherslur lagðar á dómafordæmi í Hæstarétti, hitt aðalhlutverk réttarins, má vera að kröfur til umsókna um embætti hæstaréttardómara verði auknar og verði ef til vil að einhverju leyti aðrar.

Dómnefndir um embætti hæsta-

réttardómara verða að hafa lík viðhorf og að ofan eru rakin. Auk þessa þarf að hafa í huga að í fjölskipuðum dómi verða samskipti dómara að vera skapleg, þeir geti unnið sem teymi og skili atkvæðum sínum með skilvirkum og rökstuddum hætti. Dómararnir eru frummælendur til skiptis og semja síðan dóminn. Enginn sleppur með að greiða aðeins atkvæði en leggja ekkert til þess í umræðum og láta öðrum eftir allt frumkvæði að dóminum og samningu hans. Það virðist hins vegar stundum, þegar fjallað er um Hæstarétt jafnvel af lögmönnum að það haldi menn. Ég er ekki að gera því skóna að formaður Lögmannafélagsins sé í þeirra hópi en mér þótti þó að af grein hans mætti ráða einhvern misskilning um dómara starf og eftir hverju væri verið að sækjast hjá umsækjendum um dómara starf. Ætla má að dómarnir sem fyrir eru í réttinum á hverjum tíma vilji fá þann umsækjanda eða umsækjendur sem líklegastir eru til að bera vinnubyrðina með þeim, bæði fræðilega og verklega. Vissulega skiptir máli að dómarnir séu ekki einsleitir hópur en áherslan er þó fremur á reynslu og hæfni hvers umsækjanda um sig. Skiptir þá ekki öllu máli hvað hann gerði næst fyrir umsókn sína.

*Hrafn Bragason fyrrverandi
hæstaréttardómari*

Laganefnd mótfallin frumvarpi um breytingu á innheimtulögum

Í OKTÓBER SÍÐASTLIÐNUM skilaði laganefnd LMFÍ af sér umsögn um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum nr. 95/2008. Í frumvarpinu er m.a. að finna ákvæði sem breyta núverandi lögum varðandi skilyrði til innheimtuleyfis, eftirlit með starfsemi o.fl. Laganefndin taldi ástæðu til að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið

Í 2. gr. frumvarpsins er fjallað um veitingu innheimtuleyfis skv. 4. gr. laganna. Að mati nefndarinnar kallar eðli starfseminnar á að ríkari kröfur séu gerðar til þeirra aðila sem óska eftir veitingu leyfis. Í b-lið 7. gr. kemur fram að Neytendastofa taki við af Fjármálaeftirlitinu og fari framvegis með eftirlit með innheimtuaðilum.


Laganefndin telur að bæta verði við frumvarpið ákvæði sem mælir fyrir um að mál sem nú eru til meðferðar hjá FME, skuli lokið þar.

Í 9. gr. er mælt fyrir um nýtt ákvæði, 16. gr. a., þar sem segir að innheimtuaðilar, sem lúti eftirliti FME eða Lögmannafélags Íslands, skuli á hverjum tíma geta „staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar“. Þá segir einnig að séu líkur fyrir því að innheimtuaðili geti ekki staðið við skuldbindingar sínar skuli hann gera eftirlitsaðila grein fyrir stöðu sinni og leggja fram fjárhagsáætlun sem eftirlitsaðili metur hvort sé fullnægjandi. Nefndin telur að ekki þurfi að kveða á um eftirlit LMFÍ í ákvæðinu, heldur sé nægjanlegt að vísa til þess að félagið hafi eftirlit á grundvelli lögmannalaga. Þá

telur nefndin að ákvæðið þarfnist frekari skýringa varðandi hvað það merkir að geta „staðið við skuldbindingar sínar“. Einnig sé ekki skýrt hvað þarf til þess að „líkur“ séu fyrir því að innheimtuaðili geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Í 1. mgr. er eftirlitsaðilum fengið vald til að ákveða hvort áætlun innheimtuaðila um „endurreisn fjárhags“ teljist fullnægjandi en engar vísbendingar eru gefnar um hvað sé ófullnægjandi. Að lokum telur nefndin að einungis ætti að vera heimilt að leggja fram áætlun um endurreisn fjárhags einu sinni þannig að verði aðili enn í fjárhagsvandræðum eftir ákveðinn tíma, sé heimilt að afturkalla leyfi hans.

Laganefnd LMFÍ er því mótfallin samþykkt frumvarpsins í núverandi mynd.

ALH



**NÝ MÁLFLUTNINGS-
RÉTTINDI FYRIR
HÆSTARÉTTI****Guðrún Björk
Bjarnadóttir hrl.**

STEF, Samband íslenskra
tónskálda og eigenda
flutningsréttar
Laufásvegi 40
101 Reykjavík
Sími: 863-0040

**Daníel Isebarn
Ágústsson hrl.**

Landslög slf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 520-2900

**NÝ MÁLFLUTNINGS-
RÉTTINDI FYRIR
HÉRAÐSDÓMI****Ragnheiður
Pétursdóttir hdl.**

Árnason faktor
Guðríðarstíg 2-4
113 Reykjavík
Sími: 540-0200

Erna Birgisdóttir hdl.

Arion banki
Borgartúni 19
104 Reykjavík
Sími: 444-6125

**Árnný Sigurbjörg
Guðjónsdóttir hdl.**

Lagalausnir ehf.
Berjavöllum 2
221 Hafnarfirði
Sími: 694-9844

Rúnar Þór Jónsson hdl.

Landspítalinn
Eiríksgötu 5
101 Reykjavík
Sími: 543-1342

**Einar Oddur
Sigurðsson hdl.**

Slitastjórn Kaupþings
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 856-8898

**Erna Heiðrún
Jónsdóttir hdl.**

Gjaldheimtan ehf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 570-5500

**Bjarney Anna
Bjarnadóttir hdl.**

BBA
Höfðatorgi
105 Reykjavík
Sími: 550-0500

**Guðbjörg
Þorsteinsdóttir hdl.**

Deloitte ehf.
Smáratorgi 1
203 Kópavogur
Sími: 580-3082

**ENDURÚTGEFIN
MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI****Anna Mjöll Karlsdóttir hdl.**

Fjármálaeftirlitið
Höfðatúni 2
105 Reykjavík
Sími: 520-3775

NÝR VINNUSTAÐUR**Heiðrún Jónsdóttir hdl.**

Aktis lögmannsstofa
Ármúla 17
108 Reykjavík
Sími: 414-3050

**Hjálmar Blöndal
Guðjónsson hdl.**

Lögfræðistofa Íslands
Kringlunni 4-12
103 Reykjavík
Sími: 862-2611

Bergur Hauksson hdl.

Themis ehf. lögmannsstofa
Borgartúni 27
103 Reykjavík
Sími: 567-4600

**Guðmundur St.
Ragnarsson hdl.**

Versus lögmennt
Hlíðarsmára 14
200 Kópavogur
Sími: 515-1800

**Harpa Sólveig
Björnsdóttir hdl.**

Lögmenn Hamraborg 12
Hamraborg 12, 3. hæð
200 Kópavogur
Sími: 571-1600

**Hanna Lára
Helgadóttir hrl.**

Themis ehf. lögmannsstofa
Borgartúni 27
105 Reykjavík
Sími: 567-4600

Helgi V. Jónsson hrl.

Themis ehf. lögmannsstofa
Borgartúni 27
105 Reykjavík
Sími: 567-4600

Ingi Freyr Ágústsson hdl.

Versus lögmennt
Hlíðarsmára 14
200 Kópavogur
Sími: 515-1800

**Hólmgeir Elías
Flosason hdl.**

Versus lögmennt
Hlíðarsmára 14
200 Kópavogur
Sími: 515-1800

**Ómar Karl
Jóhannesson hdl.**

Facta lögfræðipjónusta ehf.
Höfðatúni 2
105 Reykjavík
Sími: 844-4830

Reynir Logi Ólafsson hdl.

Versus lögmennt
Hlíðarsmára 14
200 Kópavogur
Sími: 515-1800

Sigrún Jóhannsdóttir hdl.

Lögvís lögmannsstofa
Garðarstræti 36
101 Reykjavík
Sími: 854-0505

**Ragnhildur E.
Lárusdóttir hdl.**

Ernst&Young
Borgartúni 30
105 Reykjavík
Sími: 595-2575

Ingi B. Poulsen hdl.

Lausnir lögmannsstofa
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík
Sími: 563-1800

**Guðfinna Jóhanna
Guðmundsdóttir hdl.**

Lausnir lögmannsstofa/
Fasteignamál
lögmannsstofa
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík
Sími: 563-1800

NÝTT AÐSETUR**Ólafur Kristinsson hdl.**

Lögsaga lögmannsstofa
Hlíðarsmára 14
200 Kópavogur
Sími: 515-1808

Birgir G. Magnússon hdl.

BGM lögmannsstofa
Borgartúni 29, 2. hæð
105 Reykjavík
Sími: 699-2048

**Guðrún Björg
Birgisdóttir hrl.**

Logia ehf.
Háteigsvegi 2
105 Reykjavík
Sími: 5719699

Leifur Runólfsson hdl.

RG lögmennt ehf.
Hafnarstræti 20
101 Reykjavík
Sími: 527-1504
545 Skagaströnd
Sími: 582-4900



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is